

JÓHANNES S. Kjarval: Litaspjald, sumar, 1963.



KRISTJÁN Davíðsson: Án titils, 1992.



EGGERT Pétursson: Án titils, 1991.

Péturssonar, skúlptúra Jóhanns Eyfells, veðurtúlkanir Steingríms Jónssonar og manngerða náttúru Birgis Andréssonar. Ein aðferð í náttúrutúlkun er sú að nota beinlínis náttúruna sjálfa. Það gerir Halldór Ásgeirsson; þó með þeim hætti að hann bræðir hraungrjót með logsuðutæki. Í stað þess að mála myndir af steinum, málar Hrafnkell Sigurðsson sjálfa steinana og dreifir þeim á stóran veggflöt. Fátt er eins samgróið íslenzkri náttúru eins og blessaðar þúfurnar, sem geta stundum orðið næstum því hnöttóttar. Á gólfinu í miðrými Kjarvalsstaða er mikill þúfnakargi eftir Finnu Birnu Steinsson; þúfurnar allar eins og hvítar á litinn. Af sama tagi er og „Earthquake“ (jarðskjálfti) Sigurðar Guðmundssonar. Þessi verk eru á nótum conceptlistar og sú grein á fleiri fulltrúa þarna, þar á meðal Kristján Guðmundsson og Hrein Friðfinnsson. Ein og sér og öðru ólík á sýningunni er svo geysistór, ónefnd ljósmynd Ólafs Elíassonar.

IV

Gunnar B. Kvaran segir svo um afstöðu conceptlistarinnar í fyrrnefndri ritgerð: „Conceptlistin, sem fram kom á sjöunda áratugnum, var upphaflega andsvar við fagurfræðilegum áherslum Minimallistarinnar og almætti hlutarins eins og hann birtist m.a. í Popplistinni. Conceptlistamenn álitu að formrænn og huglægur þáttur listarinnar væri ekki það sem skipti máli heldur merking hennar.“

Þá forskrift ættu sýningargestir að taka með sér á sýninguna. Minnugir þess að verk af þessu tagi snúast um „merkingu“ en ekki formræna eða huglæga þætti, ættu þeir að hafa betri forsendur til að njóta verkanna. Það er ljóst að á þessum tímum hins algera frelsis í myndlist, getur náttúrusýn í myndlist birzt á óteljandi vegu.